

120

29. júní

SAMÞYKKT**um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) í Austur-Barðastrandarsýslu.****1. gr.**

Innan takmarka Austur-Barðastrandarsýslu skal allur svartbakur vera rétt-dræpur og skal honum útrýmt með skotum.

Skýlt er hverjum jarðarábúanda að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábúð-arjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur.

2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi ræður skotmenn, eftir því sem henni þykir þörf.

Fyrir hvern svartbak fær skotmaður 40 aura, og greiði viðkomandi sveitarsjóður skotmanni gjald þetta.

Skal skotmaður sýna oddvita nef fuglsins um leið og hann krefst borgunar, til sönnunar því að hann hafi drepð fuglinn. Eftir að oddviti hefir greitt gjald þetta, skal hann straks brenna nefjunum.

3. gr.

Oddviti í hverjum hreppi skal halda skrá yfir tölu þeirra fugla, er greitt hefir verið fyrir. Skal hann fyrir hver áramót senda sýslumanni skrána tvíritaða, og skal sýslumaður samkvæmt henni endurgreiða sveitarsjóði hluta sýslusjóðs í skotmanns-laununum, sem er 10 aurar fyrir hvern skotinn fugl, og innheimta hjá ríkissjóði hluta hans af skotmannslaununum, sem er 20 aurar fyrir hvern skotinn fugl.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða, eftir því sem við á, sbr. lög nr. 66 1936, sekt-um frá 10 kr. til 300 kr. og renna þær til hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.